

jónssonar hrl., ákveðast kr. 6.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.
Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, Ragnari Sæmundssyni, kr. 50.000.00 auk 7% ársvaxta frá 2. desember 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., ákveðast kr. 6.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 126/1961. **Málfríður Gunnarsdóttir**
Hlín Gunnarsdóttir og
Björn Gunnarsson (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Kristínu Sigurðardóttur,
Þórunni Benediktsdóttur,
Þorbjörgu Benediktsdóttur,
Sigurlaugu Guðmundsdóttur,
Elísabetu Guðmundsdóttur og
Sigurði Ísleifssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaraarnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 13. júlí 1961 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd innsetningargerðar og stefndu verði dæmt að greiða þeim in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 18. apríl 1961.

Gerðarbeiðendur, Kristín Sigurðardóttir, Þórunn Benediktsdóttir, Þorbjörg Benediktsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir og Sigurður Ísleifsson, öll til heimilis Barónsstíg 61, hafa krafizt þess, að þeim verði með fógetagerð veittur frjáls og óhindraður umgangur um bakdyr hússins að Barónsstíg 61 og burtu numin læsing og aðrar hindranir, sem gerðarþolar, Málfríður Gunnarsdóttir, Hlín Gunnarsdóttir og Björn Gunnarsson, s. st., hafi sett til hindrunar frjálsri umferð um þessar dyr út á baklóð hússins. Gerðarbeiðendur krefjast þess, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt því, að innsetningargerðin nái fram að ganga. Þau krefjast þess, að gerðarbeiðendur verði in solidum úrskurðaðir til að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 24. marz s.l.

Svo hagar til í kjallara hússins Barónsstíg 61, en forhlið þess er byggð fast að götu, að meðfram forhliðinni eru 2 geymslur, þá stigagangur af efri hæðum og handan hans eru miðstöðvarherbergi og loks þvottahús og þurrkherbergi. Nærri miðja vegu og þvert á stigann er stuttur gangur, og eru dyr á báðum endum hans í geymslur annars vegar og þurrkherbergi hins vegar, ennfremur eru dyr inn í miðstöðvarherbergi, og loks eru dyr út í stuttan þvergang um bakhlið og út á lóð hússins. Eru það

þessar síðastnefndu dyr, sem um er deilt í þessu máli og gerðarþolar, sem eru eigendur íbúðar, er snýr að baklóð, hafa lokað. Við gang þennan eru annars vegar íveruherbergi, upprunalega ætlað sem geymsla, og hins vegar eldhús og borðstofa, einnig var ætlað fyrir geymslu, og inn af því svefnherbergi, einnig sýnt sem geymsla á uppdrætti af húseigninni. Visast að öðru leyti til þessa uppdráttar, sem hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 10 B.

Gerðarbeiðendur rita fógetarétti Reykjavíkur hinn 7. nóvember 1960 og skýra svo frá, að þá fyrir nokkru hafi eigendur kjallaraíbúðarinnar, gerðarþolar máls þessa, fundið upp á því að setja læsingu að innanverðu á dyr, sem liggja út í gang þann, sem leiðir út í baklóð hússins, og hafi gerðarþolar ekki fengizt til að afhenda öðrum íbúum hússins lykklavöld að dyrunum. Sé hér um að ræða mikinn бага og brýnt brot á hagsmunum og rétti gerðarbeiðenda, og er þess krafizt, að þessi farartálmi verði burt numinn með beinni fógetagerð. Gerðarbeiðendur vitna til eignarheimilda sinna að hinum ýmsu eignarhlutum í húseigninni rétti sínum til rökstuðnings. Liggur fyrir í málinu afsal til gerðarbeiðanda Kristínar Sigurðardóttur, dagsett 6. júní 1951, en þar er henni afsalað íbúð í húsinu auk geymslu í kjallara, lóðarréttindum og girðingu að tiltölu, og þess getið, að gangur að þessari eign og þvottahúsi í kjallara sé óskipt sameign eigenda hússins. Á rskj. 3, sem er afsal til gerðarbeiðanda Elísabetar Guðmundsdóttur, dagsett 12. janúar 1948, eru lík ákvæði, og sagt að öðru leyti, að gangar að hinu selda sé óskipt sameign. Afsal til gerðarbeiðanda Sigurlaugar Guðmundsdóttur, sem dagsett er 18. júní 1949 og lagt er fram sem rskj. 4, geymir lík ákvæði, þó þannig, að sagt er, að gangar að hinu selda, svo og hluti af þvottahúsi í kjallara, sé óskipt sameign. Loks segir afsal til Þórunnar og Þorbjargar Benediktsdætra, dagsett 18. janúar 1949, að auk íbúðar og geymslu og lóðarréttinda, séu gangar að hinu selda svo og hluti af þvottahúsi og þurrkhúsi í kjallara óskipt sameign.

Telja gerðarbeiðendur hafið yfir allan efa, að gerðarþolum hljóti að hafa verið allsendis óheimilt að loka þessum gangi, sem sé ljóslega sameign allra húseigenda og liggi út á baklóð, sem sé einnig í óskiptri sameign allra þeirra.

Af hálfu gerðarþolanna er því haldið fram, að synja beri um gerð þessa þegar af þeirri ástæðu, að ekki beri að fjalla um

slíkt réttarsamband sem þetta í fógetarétti, heldur fyrir hinum almenna dómstóli í einkamálum.

Að öðru leyti er á það bent af hálfu gerðarþolanna, að gangur sá, sem þeir hafa lokað, sé eðlilegur hluti þeirrar íbúðar. Í afsali til Þuríðar Sigurðardóttur, sem gerðarþolar leiða rétt sinn frá, sé engin kvöð þess efnis, að þoluð skuli umferð annarra aðilja um gang þennan, enda yrði íbúð þessi þá nánast ónothæf og verðgildi hennar að litlu gert. Afsöl til gerðarbeiðenda geymi þeim heldur engan rétt til umferðar um þennan gang og sé þó nákvæmlega tekið fram um umferðarrétt, sem fylgi hverri íbúð hússins. Gerðarbeiðendum sé heldur engin þörf á umferðarrétti um ganginn, því að komast megi að baklóð á annan hátt.

Á uppdrætti að húsinu Barónsstíg 61, sem lagður hefur verið fram í málinu, er íbúð gerðarþolanna sýnd sem geymslur, sem liggja meðfram bakhlið hússins. — Hinn 30. október 1947 verður Þuríður Sigurðardóttir eigandi íbúðar þessarar, og hefur afsal til hennar verið lagt fram sem rskj. nr. 12. Auk þessara tveggja íbúðarherbergja, eldhúss, baðs og salernis, getur afsalið um þvotta- og þurrkherbergi og ganga að þessu herbergi í kjallara í réttum hlutföllum við aðra eigendur hússins, ennfremur leigulóðarréttindi í sömu hlutföllum.

Með afsali Þuríðar Sigurðardóttur, dagsettu hinn 25. apríl 1953, verður Margrét Björnsdóttir eigandi kjallaraíbúðarinnar og eftir lát hennar börn hennar, gerðarþolar máls þessa. Sbr. skiptayfirlýsingu á rskj. 7.

Þess skal getið, að þá er fram höfðu komið greinargerðir aðilja og endurrit afsalsgerninga, lýstu umboðsmenn aðilja því yfir, að þeir teldu gagnaöflun lokið. Þeir lýstu því yfir, áður en munnlegur flutningur hófst, að spurðir af fógeta, að þeir teldu ekki um frekari gagnaöflun að ræða. Aðiljar málsins hafa þannig ekki sjálfir mætt fyrir fógetaréttinum.

Kröfugerð gerðarbeiðenda gengur út á, að þeim verði með fógetagerð veittur frjáls og óhindraður umgangur um bakdyr og að rutt verði úr vegi þeim hindrunum, sem eru eða settar kunni að verða fyrir umgangi um þessar dyr. Í máli þessu verður aðeins um það úrskurðað, hvort taka eigi niður læsingu þá, sem gerðarþolar hafa sett á margnefnda ganghurð.

Í afsöllum þeim, sem fyrir liggja í málinu, segir, að lóðarréttindi húseignarinnar séu óskipt sameign eigendanna, ennfremur gangar að hinu selda. Eftir því, sem fram hefur komið í

málinu, virðist gerðarbeiðendum óskylt að sætta sig við, að gerðarþolar hafa sett læsingu á dyr að gangi, sem liggur að baklóð hússins, enda verður ekki betur séð en að þeim sé þörf að hafa þar aðgang. Skiptir þar ekki meginmáli afstaða gangs þessa við íbúð gerðarþolanna. Það verður ekki hjá því komizt að taka þá kröfu gerðarbeiðenda til greina, að nema burt umræddan lás með fógetagerð.

Rétt má telja, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Læsing sú, sem gerðarþolar hafa sett á dyr að kjallara-gangi, sem liggur að baklóð hússins nr. 61 við Barónsstíg, skal tekin burt með fógetagerð samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 187/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Páli Kolbeins og Ólafi Jónssyni og búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Kröfur áfrýjanda eru þær, aðallega að hú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda Páls Kolbeins, en *til vara*, að kröfur þessar